

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	SAGA 103 (SAG103) Kennsluáætlun - vorönn 2012	

Kennari	Katrín Harðardóttir, katrin@vma.is Þróstur Ásmundsson, throstur@vma.is	Sk.st.	KAH ÞRÁ
----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing:

Saga fram um 1800. Í þessum byrjunaráfanga er sögunni fylgt í tímaröð frá ármíðöldum og um það bil fram til 1800. Hér er þó ekki um að ræða samfellda yfirferð heldur eru ýmis efni valin úr sögu Íslands og Evrópu. Efnisflokkarnir og markmiðin innan þeirra mynda tilteknar heildir (þemu), t.d. menningarheimur miðalda, ný heimsmynd á tímum endurreisnar, vísindabyltingar, landafunda og siðaskipta um aldamótin 1500, líf í sveit og borg, efling ríkisvalds eftir 1500. Innréttingar og móðurharðindi og franska byltingin. Einnig er lögð áhersla á að þjálfar nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi.

Áfangamarkmið:

Að nemandi:

- geti borið saman kristni og íslam, hvað er sameiginlegt og hvað er ólíkt
- geri sér grein fyrir hvernig íslenskt samfélag var líkt eða ólíkt miðaldarsamfélögum í Evrópu
- geri sér grein fyrir hvað felst í hugtakinu endurreisn
- þekki þau áhrif sem landafundur Evrópumanna höfðu á heimsmyndina
- þekki uppruna siðaskiptahugmynda í Evrópu og þekki til siðaskipta á Íslandi
- geti skilgreint helstu hugmyndir vísindabyltingarinnar
- átti sig á af hverju þéttbýli myndast svo seint á Íslandi
- þekki til fjölskyldulífs, dægrardvalar og lista Íslendinga á tímabilinu
- geri sér grein fyrir áhrifum upplýsingarinnar og sérstaklega hvernig þau birtust á Íslandi
- geri sér grein fyrir hvernig minjar og heimildir eru aðgangur okkar að fortíðinni
- þjálfist í viðurkenndum vinnubrögðum við lestur og úrvinnslu heimilda
- öðlist leikni við að leita sér upplýsinga með margvíslegum hætti

Tegund	Námsgögn
Bækur	Gunnar Karlsson o.fl.: Fornir tímar, 2003. Mál og menning, Reykjavík Ingibjörg Axelsdóttir, Þórunn Blöndal: Handbók um ritun og frágang, 2002. 7. útg.
Myndbönd	Nokkur myndbönd um efni tímabilsins verða sýnd

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	SAGA 103 (SAG103) Kennsluáætlun - vorönn 2012	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
1	Inngangur og kynning á áfanganum	
2	Ármiðaldir í Evrópu, Lénskerfið , Býsansríkið, Íslam og múslimar	
3	Víkingaöld og fundur Íslands, Landnám , Heiðinn siður, Stjórnskipun Íslendinga	
4	Til Grænlands og Vínlands, Kristur kemur til Íslands	
5	Hámiðaldir: Konungsríki og krossferðir, Borgir, verslun og lærdómur , Land og lífsbjörg á Íslandi	Skilaverkefni.
6	Vinna við heimildaritgerð	
7	Mannamunur, Hugmyndaheimur Íslendinga , Sagnaritun	
8	Sturlungaöld, Lok íslenska þjóðveldisins , Síðmiðaldir: Kreppa og plága	Miðannarpróf
9	Ísland í ríki Noregskonungs, Sigur kirkjunnar	Skil á heimildaritgerð
10	Íslenskt samfélag á síðmiðöldum, Hrun Noregsveldis og ensk öld á Íslandi,	
11	Síðaskiptin í Evrópu , Síðaskipti á Íslandi; Skálholtsstifti og Hólastifti,	
12	Lútherskur rétttrúnaður, Endurreisn í Evrópu, Húmanismi og	Minjasafnsferð
13	Landafundir Evrópumanna , Vísindabylting,	
14	Páskafrí	
15	Lífshlaup Evrópufólks, Borgarlíf, Dreifbýlissamfélagið á Íslandi,	
16	Íbúar Íslands um 1700, Íslenskur búskapur , Einokunarverslun og einveldi	
17-18	Mestu náttúruhamfarir Íslandssögunnar, Franska byltingin , Upprifjun	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri SAGA 103 (SAG103) Kennsluáætlun - vorönn 2012	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Lýsing	Vægi
Lokapróf. Nemendur þurfa að ná 5 á lokaprófi til að vetrarvinna komi til einkunnar.	60%
Heimildaverkefni	15%
Miðannarpróf	15%
Skilaverkefni	5%
Námsástundun. Ath. nemendur þurfa að skila verkefnum á réttum tíma. Einkunn fyrir verkefni lækkar (um 0,5 fyrir hvern virkan dag) ef skilað er of seint og ekki er tekið við þeim þegar vika er liðin frá auglýstum skiladegi.	5%

*Áætlun gerð með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils